



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 10. nóvember 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður nefndarinnar setti fundinn og bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1410001 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 16. október 2014.**

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. **1410018 – Almennir skilmálar um lóðauðhlutun og lóðargjöld.**
Drög að skilmálum.

Farið var yfir gögnin sem lágu fyrir nefndinni. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja almenna skilmála um lóðarúthlutun í Reykhólahreppi.

3. **1410031 – Bjarkalundur/Stekkjar 203808, umsókn um stofnun nýrrar lóðar Bjarkalundur / N1 hf.**

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar. Byggingafulltrúa falið að leita umsagnar Vegagerðarinnar. Samþykkt samhljóða.

Rebekka Eiríksdóttir yfirgaf fundinn.

4. **1411014 – Skálanes 139669, ósk um breytta skráningu fasteignar.**
Erindi frá Sveini Hallgrímssyni og Andreu Björnsdóttur dagsett 3. nóvember 2014.

Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

5. **1411022 – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, breyting.**
Erindi og skipulags- og matslýsing frá Ísafjarðarbæ dagsett 23. október 2014.

Skipulags- og bygginganefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Samþykkt samhljóða.

6. **1411015 – Kosning um merki Hafnasambands Íslands, tvær tillögur.**
Erindi frá Hafnasambandi Íslands ásamt tveimur útgáfum af merki fyrir sambandið, sent 6. nóvember 2014.

Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps kýs tillögu 2 að merki Hafnarsambands Íslands. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

7. **1410017 – Fjögurra ára samgönguáætlun, umsókn um ríkisframlög.**
Umsókn Reykhólahafnar til Vegagerðarinnar um framlög til verkefna árin 2015-2018.

Kynnt.

8. **1411013 – Skýrsla um heimaflota og vöruflutninga um Reykhólahöfn 2013.**

Kynnt.

9. **1409002 – 39. hafnasambandsþing, þinggerð.**

Þinggerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.55.

_____	_____
_____	_____
_____	_____